

Ed.

84. Frumvarp til laga

[75. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Aftan við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í öðrum sveitarfélögum er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fela sérstöku félagsmálaráði framkvæmd framfærslumála í stað framfærslunefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt.

Í lögum nr. 80 frá 24. desember 1967 er ákveðið, að í Reykjavík komi félagsmálaráð í stað framfærslunefndar skv. 26. gr. framfærslulaga nr. 80/1947, en framfærslumálin eru einn þáttur félagsmála, sem falla undir verksvið félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og félagsmálaráðs borgarinnar, sem er undirnefnd borgarstjórnar.

Á ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um félagsmál, sem haldin var 20.—22. nóv. s. l., var svofellð ályktun samþykkt um meðferð félagsmála:

„Ráðstefnan beinir því til stjórnar sambandsins, að hún vinni að því, að gerðar verði breytingar á lögum, þannig að sveitarstjórnir fái heimild til að fella undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélaginu með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, eins og nú er í Reykjavík.“

Í samræmi við framangreinda ályktun og að ósk Sambands íslenzkra sveitarfélaga er frumvarp þetta flutt.